

Símenntunaráætlun fyrir starfsmenn Lundarsels 2023-2024

Markmið með símenntunaráætlun Lundarsels og Pálmholts er að auka starfsánægju og hæfni í starfi.

Leiðir:

Leikskólastjóri skipuleggur eftirfarandi símenntunaráætlun í samráði við starfsmenn. Símenntunaráætlun er í **sífelldri** endurskoðun þar sem þarfir skólans er skoðaðar jafnt og þétt yfir skólaárið. Skólastjóri gerir ráð fyrir að einstakir starfsmenn muni (að eigin ósk) sækja fræðslu annars staðar frá. [MUNIÐ STYRKI HJÁ STARFSMANNANAFÉLÖGUNUM](#). Hjá Einingu-Iðju, eða Félagi leikskólakennara, Félagi stjórnenda í leikskólum, Félag Iðjubjálfa, BHM. Hver félagsmaður á rétt á styrk til símenntunar.

Sitji starfsmenn námskeið sem er lengur en vinnutíma nemur, fær hann ekki greidd laun fyrir umframtímann, enda er hann að sitja námskeiðið að eigin ósk. Ef leikskólinn **sendir** starfsmann á námskeið, sem stendur lengur en sem nemur vinnutíma starfsmanns, greiðist yfirvinna fyrir umfram tímana.

Fari einstaka starfsmenn á námskeið eða fyrirlestur ber þeim skylda til að hafa um það kynningu á starfsmannafundi 10-30 mínútur.

Símenntun starfsmanna Lundarsels

Starfsþróun, allir starfsmenn saman á starfsmannafundum og eða deildarfundum til að ræða saman, sammælast, meta og þróa starfið.

Samskipti – virðing – ábyrgð Vinna með og æfa okkur í litlum hópum með sögur um samskipti eins og alls konar klípusögum. Umsjón ákveðin síðar.

Þróunarverkefnið okkar um Teymisvinnu, Íris Hrönn Kristinsdóttir og Gunnar Gíslason, sérfræðingar HA. Sjá nánar um þróunarverkefnið [hér](#)

Innleiðing menntastefnu Akureyrar og leiðir að mati. Umsjón Gæðaráð og Gunnþór, Tröppu.

Kynning á breytingum á aðalnámskrá og skólanámskrá ígrunduð og breytt eins og við á. Umsjón ákveðin síðar.

Fræðsla um vanrækslu. Umsjón Vilborg Hjörny Ívarsdóttir

Fræðsla um ofbeldi gagnvart börnum fyrir starfsfólk skóla, Umsjón Ingibjörg Þórðardóttir.

Hinsegin málefni - fræðsla. Umsjón samtökin '78

Fræðsla um áherslur okkar í starfinu; Hreyfingu og heilsu, Heimspeki, Jafnrétti, SMT Skólafærni. Umsjón nefndir og fleiri.

Fræðsla um raddbeitingu starfsmanna. Umsjón Valdís Jónsdóttir.

Námskeið sem sumir starfsmenn fara á:

- Námskeið fyrir nýja starfsmenn um heimspeki í umsjón Helgu Maríu eða Inga haldið í sept/okt.
- Kynning fyrir nýja starfsmenn um PMT – SMT Skólafærni í umsjón Helgu M og Dalrósar.
- SMT grunnnámskeið fyrir kennara.
- Kennsla á slökkvitæki – ca einn starfsmaður í einu af hverri deild. Umsjón slökkviliðið.
 - ♥ Markþjálfun/handleiðsla stjórnenda 1 klst í senn einu sinni í mánuði. Umsjón Ingunn Helgadóttir Skólastjórnendur sækja ýmsa fræðslu sem Akureyrarbær heldur utan um.
 - ♥ Sérkennslustjóri sækir fræðslu sem umsjónar maður með sérkennslu sér um.